

Arni Bergmann með nýja skáldsögu:

Íslensk-írsk ástarsaga

Mál og Menning sendir frá sér nýja skáldsögu eftir Arna Bergmann, ritstjóra Þjóðviljans, fyrir næstu jól. Bókin ber titilinn „Með kveðju frá Dublin“, og ég spyr höfundinn fyrst hvert sé þema verksins.

„Þetta er íslensk-írsk ástarsaga, skal ég segja þér...“

– Og hvernig renna þær tilfinningar eiginlega saman?

„Ágætlega, enda er hér um tvær náskyldar þjóðir að ræða, ekki satt?“

– Ég á við, um hvað fjallar sagan?

„Nú, hún segir af dösuðum íslenskum enskukennara nálægt fer-tugu, en í upphafi sögunnar er hann staddur einsamall á sumarferðalagi suður í Baskahéruðum Spánar. Þar kynnist þessi dasaði maður írskri stúlkunni, og eigum við ekki að segja að þau fellu hugi saman. Í sameiningu kynnast þau síðan málefnum aðskilnaðarsinna í þessu héraði, ETA. Nú, það eru margir meinbugir á þessu sambandi íslenska dasaða enskukennarans og írsku stúlkunnar, eins og vera ber í sögupræði sem þessum, hann er kvæntur uppi á Íslandi og hún kápólsk. Þessir meinbugir koma vel í ljós þegar Íslendingur-

inn heimsækir stúlkuna til Írlands síðar meir. Og ekki meir um það, nema hvað þar kynnist þessi enskukennari öðrum aðskilnaðarsinum, nefnilega liðsmönnum IRA. Og af því að hann er maður dasaður og er sér meðvitaður um það, fer honum að finnast þessi kynni sín af sjálfstæðisbaráttu smárra þjóða vera upplagt tilefni til að auka á tilganginn í lífi sínu. Í framhaldi af því gerist hann meira að segja erindreki IRA á Íslandi. Og af þessu spinnst enn flóknari atburðarás en komin er, og ég vil þegja um hana.“

– Gerist þetta sem þú varst að lýsa í nútíma?

„Nei, þetta gerist fyrir á að giska tíu árum, á miðjum síðasta áratug.“

– Hvað ertu búinn að vera með þetta efni lengi í smíðum?

„Það eru líkast til tvö ár frá því ég fékk hugmyndina að þessu.“

– Og hvernig varð hugmyndin til, ef ég má spyrja?

„Henni laust niður í huga mér þegar ég lá á spítala. Það er ákaflega tíðindalítið á svoleiðis stöðum, þannig að ég fór að gera mér það til afþreyingar að hugsa upp æsilega viðburði.“

– Þetta er þá líka spennusaga hjá þér?


„Já, sumpart er þetta spennusaga, en einnig þónokkur kennarsaga, ef svo má segja. Mest er hinsvegar fjallað um áfrop smárra þjóða sem hafa ekki verið alveg nógu heppnar með nággranna. Vita-skuld kemur pólitík þessu við, eins og til dæmis spursmálið, geta smáþjóðir haldið áfram að vera til í þessu heimsþorpi sem við lifum nú í, eða þessu svokallaða Global Village, sem fjölmiðlafraeðingar tala svo mikið um þessa dagana? Þar með er ósjálfrátt komið inn á

þau örþrífarað sem þessar smáu þjóðir hafa gripið til, svo málstaður þeirra fengi athygli.“

– Atburðarás þessarar sögu þinnar virðist fara yfir allmörg landamæri. Ekki hefurðu getað skrifað hana einvörðungu hér heima upp á umhverfislysingar að gera?

„Ég skrifaði bókina nú eingöngu hér heima, en ég sat að því að ég fór fyrir nokkrum árum hjólandi um vesturströnd Írlands, aukin-heldur sem ég dvaldi eitt sinn í sumarleyfi í Baskahéruðunum. Ég hef umhverfi sögunnar því svo gott sem á hreinu.“

Arni Bergmann.



– Þú ferð að verða einn úthaldsbesti blaðamaður okkar Íslendinga. Hvernig fer það saman, finnst þér, að starfa við sama verkfærið hvort heldur sem er í vinnunni eða þegar heim er komið?

„Mér finnst þetta fara ágætlega saman. Blaðamennskan heldur manni í góðri þjálfun við skrifitimar, ekki satt? Og svo hef ég líka notað fríin mín vel, jafnvel tekið mér launalaus leyfi þegar mér hefur fundist mig vanta friðsælan afkima.“

– „Með kveðju frá Dublin“ er önnur skáldsagan þín og jafnframt þriðja bókin sem þú sendir frá þér. Árið 1980 skrifaðirðu Miðvikudaga í Moskvu, endurminningar frá námsdölv þinni þar, og fyrir tveimur jölum laukstu við skáldsöguna Geirfugla. Má búast við verki frá þér annað hvert ár í framtíðinni?

„Maður veit aldrei. Hitt er þó vist að ég hef alltaf gaman af að skrifa, og gott ef það gaman hefur ekki ágerst með árunum.“

– Þannig að þú þarft ekkert endilega að leggjast inn á spítala til að hugsa upp næstu verk?

„Ég vona ekki.“ - SER.

MYNDLIST

eftir Guðberg Bergsson



Endingargóðir málarar á septemberaldri

Eitt af furðuverkum Íslands er hvað þjóðin á úthalds- og endingargóða listmálara. Þeir halda á penslinum og sinni andlegu reisn fram í andlátíð. Aftur á móti eru rithófundar og ljóðskáldin oftast búnir að geispa sinni andlegu golu um fimmtugt, ef ekki löngu fyrr. Kannski er skýringin á þessu sú að íslensk list nær aldrei alveg fullum þroska eða svimandi hæð, vegna þess að hún hlýtur ekki nógu mikið andlegt aðhald frá þjóðfélaginu eða velgerðum einstaklingum. Og það stafar einfaldlega af því að hér er engin lágmenning til og þar af leiðandi heldur ekki hámenning. Því það er svo einkennilegt að hámenning þrífst ekki á hámenningu heldur á frjórrí og margbrottinni lágmenningu en aldrei á gutlmenningu eins og þeirri sem gengur fram úr nösnum og koki fólks úr öllum íslenskum flokkum.

Ef athuguð eru verk stórmanna myndlistarinnar á þessari öld, og reyndar fyrr á öldum, þá kemur í ljós að listamennirnir hafa náð ljótt þroska eða verið jafnvel bráðþroska en haldið síðan áfram róðrinum uns yfir lýkur á stórum vinnustofum fullum af glæsilegu andleysi.

Dæmi um þetta er hinn bráðþroska Miró eða sjálfur Dalí, eins og auðsætt hefur verið á hinum miklu yfirlitssýningum á verkum

þeirra fyrir skömmu. Og Koonigs líka sem er nú í Pompidousafninu.

En hérna eru málararnir að berjast fyrir viðurkenningu og órlítið bættum aðbúnaði fram í andlátíð, og það verkar hvetjandi á þá en hefur ekki andann í hæðir, gerir hann ekki frjálstan, í þeim mæli að hann sýnir viðtekinni hugsun megnustu fyrirritningu út á við en ihugar grundvöll hennar gaumgæfilega. Allt er þegar öllu er á botninn hvolft byggt á viðtekinni hugsun, en vandinn er að fara í kringum hana, ánetjast henni, en í grímubúningi.

September er mánuður litanna, hann er á mörkum hins einlita ljósa sumars og hins dimma einlita vetrar. Og Septembarmennirnir lögðu áherslu á inntak listar sinnar, sem er fremur á sviði lita en forma, með því að sýna reglulega á mánuði gróandans í litum.

Kristján Davíðsson er venjulega talinn vera mesti litamaður hópsins. Hann er það raunar ekki þótt svo virðist, en hann er hinum fremri í að leysa formið upp í skrúð, gera það hreyfanlegt og þá ljóðrænna en ef það birtist í stórum flötum. Rauðhætt fólk er yfirleitt ljóðrænt. Ef þið bregðið ykkur yfir í austursalinn á Kjarvalsstöðum sjáið þið hliðstæðu Kristjáns hvað ljóðrænu áhrærir, í verkum Daða Guðbjartssonar.

List rauðhætt fólks jaðrar oft við það að vera skrifað flúr, skreytilist, ganga um skýin. Það er að segja það er haldið goðsagnaáráttu. Írsk ljóðlist og skáldskapur einkennast af þessari listrænu himnaför andans. En ef rauðhætt fólk á að vera alger séni, þá þarf það að vera í þokkabót örvhent, rangeygt og skrollandi. Þessir dýrðlegu eiginleikar eru alger forsenda fyrir snilld hjá rauðhættu fólki. Hörmulegt er þegar það reynir að fela hina líkamlegu „galla“ á kostnað andans. Andinn er þá fleygastur þegar gallarnir eru gerðir að vængjum.

Ef ég á að lýsa þessari sýningu með einu orði, sem er þó hvorki orðið „góð“ né „slæm“ (þau orð eru nú bannorð af því að hætt er að líta á sýningar sem göngu listamanna undir próf hjá almenningi) þá mundi ég gripa til hinnar haldgóðu lýsingar sem listfræðingar hafa innleitt og segja: „Allir koma listamennirnir sterkir frá þessari sýningu sinni.“ Þetta á við málalastina, en í bókmenntum eiga konur að vera hressar, líkt og á nitjándu öldinni átti kristið fólk að vera djarft, í ungmennafélaglistinni átti það að vera hugprútt og í list sósíalísmans áttu erfiðismenn að vera sterkir, hressir, djarfir og hugprúðir, vegna þess að sósíalísminn er sameiningarandi. Að honum lið-

um, á yfirborðinu, hefst hin *visindalega* einstaklingsgreining á ný: í annað hvort *sterkt* eða *hress*. Það er lítið óhýru auga ef einhver er hvort tveggja hress og sterkur. Sameining þessa tvenns er þá kölluð *remba*. Guð einn veit hvernig hugmynda-hjólið snýst á ný og hvenær, hitt er víst að það fer jafnan hringinn með hjálp orðanna sem til eru í tungu hverrar þjóðar.

Þess vegna er um að gera að vega ótt og títt að tungunni og myndmálinu, til þess að hliðarspor séu tekin ásamt útdúrum, og það gera þessir endingargóðu málarar eftir sinni bestu getu enn og að því er virðist allt til dauðans.

Hins vegar er það eins með list- og kynhvötina, að í ellinni er oft meiri óskhyggjan en getan, og þá er gripið til hinna föggu haustlita til að breiða yfir sannleikann um sumarið og veturinn.

Valtýr málar minningar sínar um form konu og báta.

Guðmunda gegnumlýsir drauma.

Kristján skrifar með pensli reimleika dísa á vatnsfleti.

Jóhannes yrkir aftur upp höf og strendur þess sem var.

Og Þorvaldur brýtur upp vatnsborðið; hann dró eik á flot við ísabrot á öllum árstímum, í list sinni, fram í andlátíð.